

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

iPad 2

Spjaldtölva ársins*



Smart Cover
iPad 2 hlíf / margir litir
Verð frá: 7.990.-

Verð frá: 84.990.-

iPhone 4



iPhone 4 Verð: 99.990.-
iPhone 4S Verð frá: 149.990.-

iPod fjölskyldan



iPod shuffle

Verð: 9.990.-

Verð áður: 12.990.-

Geymir allt að 1000 lög
5 litir ●●●●●

iPod nano

Verð frá: 29.990.-

Verð áður frá: 35.990.-

Geymir allt að 4000 lög
FM útvärp
7 litir ●●●●●

iPod classic

Verð: 49.990.-

Verð áður: 64.990.-

Geymir allt að 40.000 lög
2 litir ●●

iPod Touch

Verð frá: 39.990.-

Verð áður frá: 55.990.-

HD myndupptaka, tónlist,
netvaðri, tölvupóstur,
leikjafötva
2 litir ●●



epli.is

Laugavegi 182 | Ópið virka daga 10-18 | Laugardaga 12-16
Smáralind | Ópið virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11-21 | Laugardaga 11-18 | Sunnudaga 13-18

* Spjaldtölva ársins að mati PC Magazine
Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

Fylgstu með jóladagatali Monitor á Facebook-síðunni okkar. Þar munum við birta eitt af 24 uppáhaldsjólaögum Monitor á hverjum degi fram að jólum.



Hlaup-Ari

Ari Eldjárn er fyndinn maður sem ætlar að segja gott grín meira og minna allt föstudagskvöldið, annars vegar í **Þjóðleikhúskjallaranum** og hins vegar í beinni útsendingu frá **Degi rauða nefnsins**.

Dagur rauða nefnsins ber yfirskriftina „skemmtun sem skiptir máli“ þar sem markmiðið er að nota grín og spé til að safna fé. Landslið íslenskra skemmtikrafta og listamanna mætir þar til leiks í þágu bágstaddra barna. „Það er ógeðslega gaman fyrir grínista að fá að koma þarna fram því þetta er hálfgerð árshátíð grínista. Það er líka gott að leggja góðu málefni lið og reyna að vera fyndinn í leiðinni,“ segir Ari Eldjárn sem á föstudagskvöldið mun troða upp þriðja árið í röð á Degi rauða nefnsins. Segja má að Ari sé að taka þátt í því að bjarga mannlífum því að á hverjum degi bjargar UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, lífi barna um allan heim. Allir geta tekið þátt í því að leggja málefni lið og eins er fólk hvatt til að gerast heimsforeldrar því þeir láta sig börn um allan heim varða og styðja verkefni UNICEF almennt.

Flakkar á milli staða

Á föstudagskvöld verður Ari líka að skemmta með félögum sínum í Mið-Íslandi í Þjóðleikhúskjallaranum. „Sérstakur heiðursgestur þetta kvöld er André Wickström sem er uppáhaldsgrínistinn minn. Hann hefur komið tvisvar áður til Íslands og í fyrra snéri hann öllum áhorfendunum í Háskólabíó á haus,“ segir Ari en hann og André eru miklir félagar. Það má því búast við því að Ari verði á miklu flakki annað kvöld. „Já, það vill þannig til að við í Mið-Íslandi erum með sýningar í Þjóðleikhúskjallaranum 8. og 9. desember

og er sýningin annað kvöld á sama tíma og beina útsendingin frá Degi rauða nefnsins. Ég þarf því að skjótast frá í tutttu mínútur, hlaupa á milli staða, fara í smink, segja brandara í fimm mínútur og hlaupa svo aftur í Kjallaranum. Þetta verður mikið stress en vonandi bugast ég ekki.“

Mikið jólabarn

En álagið mun svo minnka hjá Ara þegar líða fer að jólum því hann passar alltaf upp á að taka sér gott jólafrí. „Ég er mikið jólabarn. Mér finnst gaman að fá pakka. Bara það að einhver fari og framkvæmi greiðslu til að kaupa varning sem hann svo dulþýr í umbúðapappír þér til handa, það eitt finnst mér ótrúlegur andskoti. Það að þurfa að rífa pappírinn utan af er nóg til að gera mig gláðan,“ segir Ari en bætir því við að gjafahæðin breytist eilítið með aldrinum. „Þegar maður er orðinn stór er maður farinn að kaupa gjafir handa sjálfum sér og gefa sjálfum sér frá hinum og þessum. Það er hápunkturinn af snilldinni. Þá rífur maður pappírinn utan af og er samt voða hissa. Þegar maður var lítill var maður alltaf upp á náð og miskunn foreldra sinna kominn en nú fær maður allt sem maður vill og frá einhverjum frænda sem enginn veit hver er. Ég segi bara eins og Ormur Óðinsson: „Kaupmennirnir mega þakka guði þennan getnað.“

j/rj

Monitor mælir með

FYRIR JÓLAUNDIRBÚNINGINN

Það er alltaf gaman að kíkja í IKEA fyrir jólin. Þar er ógurlegt úrval af alls kyns jólaskrauti og kemst maður alltaf í hátiðarskap við að labba einn rúnt um búðina. Svo má ekki gleyma því að þar er hægt að gæða sér á gómsætum jólamat á hlægilegu verði.



FYRIR JÓLAINNKAUPIN

Það er gríðarlega mikilvægt að vera tímanlega með jólainnkaupin. Monitor mælir því með að skrifa lista með öllu því sem þú ætlar að kaupa og hvar það fæst. Taktu svo einn dag frá, ekki seinna en 20. desember, og kláraðu jólagjafainnkaupin í einni ferð. Þá getur þú notið adventunnar í ró og næði og notað frítímann til að skella jafnvel í nokkrar piparkökur.



TIL GAMANS

Ætlar þú að fylgjast með Spánarstórveldunum Barcelona og Real Madrid kljást í El Clásico þann 10. desember næstkomandi? Skelltu þér þá inn á likeprojects.me og „like-aðu“ það lið sem þú styður til sigurs. Hvort eiga Barca eða Real fleiri stuðningsmenn hér á Fróni?



Vikan á ... facebook

Marta María Jónasdóttir Jólafitun er formlega hafin ... Hvað ætli ég geti fengið mér næst?
6. desember kl. 23:22

Thorunn Antonia Magnúsdóttir Sá Steingrím Njálsson á hjóli á Skúlagötu rétt í þessu... creep alert
6. desember kl. 14:23

Bára Lind Þórarinsdóttir Já! Þá er ævintýrinu af Heimsenda að ljúka! Mikið á maður eftir að sakna þessa! En yndislegt á meðan þessu stóð og nú fara bara ný verkefni að taka við. En hvet alla að horfa á lokabáttinn í kvöld! Klukkan 20:35 á Stöð 2 í kvöld! :-)
4. desember kl. 17:54

Elva Dögg Melsteð Ad vera í beinni útsendingu í sjonvarpi med gubbuna i kokinu, hvitari en lak í framan (meikid reyndar hjalpadi tar) er ekki god skemmtun
3. desember kl. 19:17

Feitast í blaðinu

Steindi Jr. sýnir hæfileika sína í jólabakstrinum en hann er „bólv- að jólabarn.“ >>4

Stíllinn tók viðtal við Guðmund Jörundsson hinn efnilega fatahönnuð. >>6

Grace Kelly giftist í einum flottasta brúðarkjól allra tíma að mati Stílsins. >>7

Máni og Frosti geta ekki farið að sofa ósáttir út í hvor annan. >>8

Jólastjarnan Aron Hannes er hundeltur af skvísu eftir tónleikana í Höllinni. >>14

Efst í huga Monitor Jólaprófastraumar

Esku nemendur í öllum skólum Íslands.

Gangi ykkur sem allra best í prófaundirbúningi, ritgerðaskilum, prófunum sjálfum og öðru verkefnum sem kunna að biða ykkar á adventunni. Þó svo að prófin megi virðast erfið hindrun svona í köldu skammdeginu þá er samt auðvelt að láta sér líða vel. Þannig verða próflesarar að standa saman og sjá til þess að dekra hver við annan. Ef þú ferð og nærð í te, kaffi, kakó eða bara vatnsglas komdu þá lærdómsfélaganum á óvart með því að færa honum eitthvað líka. Ef þið viljið læra einsömul þá er samt hægt að senda eitt stykki SMS á félagann með jákvæðum prófastraumum.

Góðar pásur eru líka nauðsynlegar og þá er alltaf gaman að fara og fá sér eitthvað gott í gogginn. Það væri ekki verra ef einhver myndi henda í eina smá-

kókuuppskrift og deila svo góðgætinu með öllum á lesstofnunni. Svo er náttúrulega sigilt að tala við félagann um það hvað það sé allt of mikið að læra og hrauna yfir þá staðreynd en hlæja svo að öllu saman og hugsa: „Þetta verður auðvelt. Vá, hvað þetta verður létt.“ Því ef við trúum því að þetta verði létt þá verður þetta á endanum létt.

Svefninn er líka nauðsynlegur. Mundu að sofa nóg því á meðan þú sefur vinnur líkaminn úr þeim upplýsingum sem þú hefur öðlast yfir daginn.

En hvað vitum við hér á Monitor-stöðum. Við erum bara blaðamenn. Ekki námsmenn. Við vildum bara að þið vissuð að við erum að hugsa til ykkar og vonum að allt muni ganga eins og í sögu.

Ljúfar stundir, Monitor



Bölvæð jólabarn

Á milli þess sem **Steindi jr.** áritar aðra seríuna af Steindanum okkar í verslunum eyðir hann tíma sínum heima í að gera klárt fyrir **jólin** með því að skreyta og baka.

„Ég gaf einu sinni pabba myndina Kazaam í jólagjöf en þar leikur Shaquille O'Neal einhvern anda. Pabbi var mjög ósáttur með gjöfina en myndin hefur síðan þá alltaf komið mér í rétta jólaskeppið,“ segir Steindi aðspurður um hvað það sé sem komi honum í jólastuð. Steindi leggur líka mikið upp úr skreytingum og ætlar að setja jólatréð upp snemma í ár. „Ég er alfarið á móti gervitrjám enda hef ég farið undanfarin ár og hoggjið jólatrén sjálfur. Í ár kem ég til með að hoggva tré sem ég gróðursetti sjálfur fyrir 12 árum síðan. Ég passa nefnilega alltaf upp á að planta nokkrum trjám fyrir hvert tré sem ég hegg.“ Steindi var svo almennilegur að deila með lesendum Monitor sérstakri uppskrift af jóla-Ritz-kexkökum.

jrj

Fljótlegt, einfalt og fúgadæsh

Uppskriftin

- Ritz-kex (innflutt vara)
- Ostur (innlend vara)
- Pizzasósa (innflutt vara)

Þú fyllir disk af Ritz-kexi, setur eina slettlu af pizzasósu á öll stykkinn. Setur svo ostinn ofan á, inn í örbylgjuna á 800w í 30 sekúndur og „voila.“

Athugið að einnig er hægt að setja smá hangikjöt á hvert kex og greniköngul eða einfaldlega sleppa örbylgjuofninun og kofareykja þetta bara. Gleðileg jól.



LANCÔME

PARIS

Nú er *ára* líkamans okkar vísindi

TEINT MIRACLE

NÁTTÚRULEGUR LJÓMI - FULLKOMNUN LíKT OG ÁN FARÐA

10 ára rannsóknir og 7 einkaleyfi. Eðlileg og óaðfinnanleg förðun og áferð húðarinnar verður náttúruleg og fullkomin líkt og hún ljómi innan frá.

Julia Roberts

NÝTT: Teint Miracle púðurfarði.



FARÐI NR 1.*
25 ALPJÓÐLEG VERÐLAUN

Klassísk lína með

fallegum smáatriðum

Ný fatalína **Herrafataverslunar Kormáks og Skjaldar** var frumsýnd á dögnum. Línan er hönnuð af **Guðmundi Jörundssyni**, einum efnilegasta fatahönnuði landsins. **Stíllinn** hitti á Guðmund og spurði hann út í nýju línuna, námið og stærstu verkefni.

Hvar lærðir þú fatahönnun?

Ég lærði fatahönnun í Listaháskóla Íslands. Þetta er þriggja ára nám og ég útskrifaðist þaðan núna í vor.

Hvað varð til þess að þig langaði að læra fatahönnun?

Ég veit það ekki alveg. Ég fékk þessa hugmynd þegar ég var sautján eða átján ára. Ég hætti í menntaskóla og byrjaði að vinna hér, í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar. Hér fékk ég svo reynslu af þessu og öllu í kringum þetta og síðan í framhaldinu byrjaði ég í Listaháskólanum árið 2008.

Hvað hafa verið stærstu verkefni þín til þessa?

Ég gerði þrjár herralínur í skólanum og eina dömulinu. Ég hannaði línu fyrir Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar í fyrra, svo þetta er önnur línan sem er seld hér í búðinni eftir mig. Síðan voru fót úr útskriftarlínunni minni notuð í GusGus-myndbandinu fyrir lagið „Over“ og myndi ég segja að það hafi verið stærsta og flóknasta verkefnið mitt til þessa. Goth báðum megin heitir línan. En svo hannaði ég einnig aukalega kjól á Urði fyrir GusGus-myndbandið. Síðan gerði ég „cover“ fyrir Retro Stefson, hannaði sviðsmynd fyrir þá og búninga.

Áttu þér fyrirmynd í fatahönnun?

Ég á mér ekki beint fyrirmynd en Alexander McQueen hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi, hann hefur gert svo mikið fyrir herratísku. Hann var lærður klæðskeri og mér hefur alltaf fundist hönnunin hans vönduð, karlmannleg og flott.

Hvað er svo næst á dagskrá hjá þér?

Að lokinni jólatörn tekur við að hanna línu og klára pródótýpur fyrir næsta vor og koma í framleiðslu í verksmiðju okkar. Það verður fyrsta verksmiðjuframleiðslan hjá Kormáki og Skildi. Að því loknu tekur við að hanna haustlínu fyrir 2012 og þurfum við því að vinna hratt og vel. Svo er ég að vinna að nýju verkefni ásamt góðum vinum sem stefnt er á að komi út í vor. Einnig mun ég hanna búninga fyrir nýtt verk Jóns Atla Jónssonar, sem sýnt verður í Borgarleikhúsinu.

Hvar verslar þú helst fötin þín?

Ég versla flest öll mín fót í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar, eðlilega. Þar get ég pantað inn allt sem mig langar!

Getur þú lýst nýju línunni þinni hjá Kormáki og Skildi?

Í nýju línunni nota ég breska ull og bómull ásamt íslensku prjóni og íslensku lambaleðri. Línan er klassísk en brotin upp með fallegum smáatriðum sem minna helst á skotveiði. Línan samanstendur af vestum, buxum, jökkum, prjónavestum og slaufum.

lh



Myndir/Baldur Kristján



TEKIÐ SKÁL FRAM AÐ SKEGGIN FYLGJA EKKI MEÐ FÖTUNUM



KATE MIDDLETON

Kate Englandsprinsessa ber af hvað varðar fegurð og kjólavæl. Fallegri brúðarkjól finnst ekki þótt víða væri leitað, hann sæmir sannri prinsessu. Látlaust en einstaklega fallegt útlit hennar landar henni fyrsta sætinu, hún á það fyllilega skilið.



Fallegustu brúðirnar

Brúðkaupsdagurinn er oftast álitinn einstaklega mikilvægur dagur og ekki síst af okkur kvenfólkinu. Stjörurnar eiga það til að fara yfir strikið þegar kemur að vali á brúðarkjólnum og er reglan „minna er meira“ ágætis þumalputtaregla sem gott er að hafa í huga. Þetta eru fimm fallegustu brúðir allra tíma að mati **Stílsins**.



GRACE KELLY

Fegurðardísinn er guðdómleg í þessum fallega brúðarkjól sem er einnig hannaður af Helen Rose. Margir tala um það að kjóll hinnar nýgiftu Kate Middleton svipi mikið til þessa kjóls og er margt til í því. En fegurðardísinn er hér í þriðja sæti, bæði fyrir ólýsanlega fegurð og fallegan kjól.

ELIZABETH TAYLOR

Hér er kvikmyndastjarnan meiriháttar falleg í kjól eftir Helen Rose sem hún klæddist þegar hún lék eitt aðalhlutverkið í myndinni Father Of The Bride. Blúndurnar í hálsmálinu og rauði varaliturinn algjörlega fullkomna lúkkið. Elizabeth hreppir fimmta sætið.



SARAH JESSICA PARKER

Það muna eflaust allir eftir brúðarkjólnum hennar Carrie Bradshaw. Þessi dásamlegi kjól sem er hannaður af Vivienne Westwood fór Sex and the City-stjórnunni einstaklega vel og bætti hún fjöður í hárið sem setur punktinn yfir i-ið. Annað sætið á hún skilið.



DÍANA PRINSESSA

Díana prinsessa er gullfalleg í þessum umfangsmikla kjól eftir Elizabeth Emanuel. En þó svo að kjóllinn minni kannski einna helst á rjómatertu og er ágætt dæmi um það sem var talað um áður, að fara yfir strikið, þá lítur Díana alltaf glæsilega út og er hún ein af fáum sem komast upp með það að vera í svona kjól. Hún er í fjórða sæti.



BORÐSPIL UM SKEMMTILEGASTA LAND Í HEIMI!



ISLAND OPOLY

Sendu SMSið **EST OPOLY** á númerið **1900** og þú gætir unnið eintak!

Fullt af aukavinningum: DVD myndir, tölvuleikir og fleira!



VILTU VINNA eintak?



VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 199 KR/KEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

FROSTI Á 60 SEKÚNDUM**Fyrstu sex:** 290478.**Upphaldsmatur:** Indverskur matur.**Upphaldsstaður í heiminum:** Heima er best.**Besta hljómsveit sem uppi hefur verið:** Entombed eða Depeche Mode.**Skemmtilegasti viðmælandi í útvarpi:** Guðjón Heiðar Valgarðsson.**MÁNI Á 60 SEKÚNDUM****Fyrstu sex:** 211276.**Upphaldsmatur:** Víetnamskur matur.**Upphaldsstaður í heiminum:** Það er alltaf gott að vera þar sem synir mínir eru.**Besta hljómsveit sem uppi hefur verið:** Sigur Rós eða Pavement.**Skemmtilegasti viðmælandi í útvarpi:** Svavar Sigurðsson.

viðtalið

Þú ert líka umboðsmaður Blaz Roca og hann leysir ykkur stundum af hólmi í Harmageddon. Væri Blaz ekkert án ykkar?

M Hann væri svo sem ekki neitt. Hann væri bara í Burberry-úlpunni að taka þátt í JC-ræðukeppninni.

F Erpur er þriðji maðurinn í Harmageddon og er bara einn af okkur. Við höfum náttúrliga þekkt hann síðan í Fjölbautaskólanum í Garðabæ þannig að við höfum þekkt lengi og alltaf náð vel saman. Hann smellpassar inn í þetta prógramm okkar.

M Hann er réttssýnn og frábær náungi.

Þið hafið aldrei tekið upp á því að stússast með honum í tónlist?

M Hann er náttúrliga með mjög lélegan tónlistarsmekk, það er eiginlega það eina slæma sem maður getur sagt um hann.

F Þessi tónlistarsmekkur hlýtur að vaxa af honum, hann verður ekki endalaust í kúkabuxunum með derhúfuna.

M Ég veit það ekki, þetta er orðinn svo rosalega langur tími sem hann hefur verið í þessu.

F Við getum huggað okkur við að hann hefur ekki alltaf verið þannig, einu sinni var hann týpan í jakkafötum úr Hjálpræðishernum.

M Já, við trúum því að hann komi til baka.

Nú styttist í jólin. Leggið þið mikið upp úr jólahaldi?

F Ég er nú eiginlega bara að bíða eftir að kærastan mín komi heim frá útlöndum, kannski bakar hún eitthvað.

M Frosti er ekki mikið jólabarn en hann gefur alltaf ruglaðar jólagjafir. Ég fékk til dæmis einu sinni bók frá honum sem fjallaði um trúleysi og hvað það væri gott að vera trúlaus. Bækurnar sem ég fæ frá Frosta í jólagjöf

fjalla eiginlega allar um það, að ég hafi rangt fyrir mér þegar kemur að trú.

Það styttist jafnframt í hina árlegu X-MAS tónleika X-ins. Það má kannski segja að tónleikarnir í ár hafi meira gildi heldur en tónleikar fyrri ára, ekki satt?

M Jú, þessir X-MAS-tónleikar hafa meira gildi en áður af því að við þurftum að kveðja dásamlegan félag okkar á dögunum. Það voru samt eiginlega ekki bara við, heldur öll þjóðin, sem þurfti að kveðja hann. Ég vorkenni bara þeim sem fengu ekki að kynnast Hermanni, við erum mjög þakklátir fyrir að hafa fengið það. Þetta er aðaljóla-undirbúningurinn okkar og það eina sem við viljum fá í jólagjöf er fullt hús í Kaplakrika fyrir Hermann vin okkar. Það er aragrúi af tónlistarmönnum sem kemur þarna fram og við höfum fengið veglegan styrk frá Exton.

F Svo ætlar FH að lána okkur Kaplakrika. Þetta árið er ekki bara X-ið að skipuleggja X-MAS heldur bara heill her af vinum Hemma sem eru að innna hin ýmsu verkefni af hendi. Þetta verða klárlega einstakir tónleikar. Svo má nefna að það hafa í raun bara verið haldnir góðir tónleikar þarna. Við erum að tala um Prodigy, Rage Against the Machine, Pixies, Kraftwerk.

M Þetta er alveg rétt. Kaplakrika er örugglega eina húsið sem hefur allavega enn sem komið er ekki haldið lélega tónleika. Það er ómengið varðandi tónleika.

Hafið þið rifist alvarlega?

F Já, ekki í útvarpi en stundum hefur það komið fyrir að um leið og það er slökkt á hljóðnemanum þá skellir maður hurð eða dúndrar penna í Mána en þá er það bara búið.

M Þetta hefur alveg dottið í það far að við hugleiddum

að hætta með þættina en ég held að aðalástæðan fyrir að við getum ekki hætt sé að ég get til dæmis ekki verið án þess að hafa Frosta til að bakka mig upp í einkalífínu eða leita ráða hjá. Hann er alltaf mín betri viska.

F Það er alveg á báða bóga.

M Alltaf ef við höfum rifist og kvaðst í illu, þá hefur það yfirleitt alltaf endað þannig að við höfum hist daginn eftir og verið bara: „Æ, fyrirgefðu maður, sorrí“, og við endum í faðmlögum.

F Já, eða maður hringir strax um kvöldið eða sendir eitthvað SMS.

M Maður getur verið ósáttur við allan heiminn þegar maður fer að sofa en það er einhvern veginn mjög erfitt að vera ósáttur við Frosta þegar maður fer að sofa.

F Já, förum sjaldan að sofa þannig.

M Þetta verður stundum eins og skrítið hjónaband.

Hvað sjáið þið fram á að halda lengi áfram með Harmageddon?

M Þar til við erum farnir að kasta einhverju öðru en pennum í hvorn annan. Við getum alveg rifist af og til en um leið og við erum endanlega komnir með ógeð á hvor öðrum þá hugsa ég að við fórnum þessu útvarpsdæmi frekar en vinskapnum. Ég held að okkur langi líka báða alveg að gera eitthvað annað, við sjáum þetta ekkert fyrir okkur sem einhvern ævilangan feril, er það nokkuð?

F Nei, maður sér það ekki beint fyrir sér en að sama skapi þá er þetta líka eitthvað sem maður er ekkert að drífa sig að vaxa upp úr. Ég gæti alveg hugsað mér að gera einn útvarpsþátt á viku alla ævina.

M Já, reyndar og við höfum alveg talað um það, að drepa aldrei Harmageddon heldur að kannski bara fækka þáttunum.

Við vorum reknir í október 2008 en neituðum eiginlega að fara út. Við sögðum: „Við förum ekki rassgat“ ...



Mmm...

HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ?



Marabou

Aðeins meira

Mmm...

í lífið

FERILLINN



Antonio Banderas

Hæð: 175 sentimetrar.

Besta hlutverk: El Mariachi í Desperado.

Staðreynd: Banderas ætlaði að verða atvinnumaður í fótbolta en þurfti að leggja þann draum til hliðar þegar hann fótbraut sig illa 14 ára gamall.

Eitruð tilvitnun: „Ef þú kallar á kött þá kemur hann kannski ekki til þín. Slíkt gerist ekki með hunda. Þetta eru ólíkar tegundir dýra. Mér finnst líka kynþokkafullt hvernig kettir hreyfa sig.“

1960 Fæðist 10. ágúst í Málaga í Andalúsíu-héraði á Spáni.

1982 Leikstjórinn Pedro Almodóvar uppgötvar Banderas og gefur honum hlutverk í Labyrinth of Passion. Almodóvar og Banderas gera margar myndir saman á níunda áratugnum.

1990 Leikur geðsjúkling í spænsku myndinni Tie Me Up! Tie Me Down! í leikstjórn Almodóvar.

1993 Tveimur árum eftir frumraun sína í Ameríku slær Banderas í gegn þegar hann leikur samkynhneigðan elskanda Tom Hanks í myndinni Philadelphia. Þrátt fyrir að tala takmarkaða ensku fær Banderas mikið lof fyrir frammistöðu sína.

1994 Birtist á hvíta tjaldinu með Tom Cruise og Brad Pitt í kvikmyndinni Interview with the Vampire.

1995 Leikur aðalhlutverkið í Desperado og í Assassins.

1996 Fer með hlutverk sögumannsins Che í Evita, þar sem Madonna fer með aðalhlutverkið. Gengur í það heilaga með Melanie Griffith.

1998 Leikur goðsögnina grímuklæddu, Zorro, í The Mask of Zorro.

1999 Preytir frumraun sína sem leikstjóri og leikstýrir eiginkonu sinni í Crazy in Alabama.

2003 Leikur við hlið Johnny Depp og Selma Hayek í Once Upon a Time in Mexico. Leikur einnig á Broadway-sviði í söngleiknum Nine og hlýtur mörg verðlaun fyrir frammistöðu sína.

2004 Talar fyrir stígvélaða köttinn í Shrek 2.

2005 Fær stjórn með nafni sínu á frægðarstígnum í Hollywood.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Stígvélaði kötturinn

Við kynnumst hér Stígvélaða kettinum á þeim árum sem hann var enn tiltölulega óþekktur meðal sveitunga sinna í ævintýralandinu og fylgjumst með því hvernig hann ávann sér virðingu fyrir einstaka sverðfími sína og útsjónarsemi í erfiðum aðstæðum. Þegar hér er komið við sögu hefur sá stígvélaði ekki enn kynnst verðandi vinum sínum Shrek og asnanum. En þegar hann fréttir af gæsinni sem verpir gulleggjum

ákveður hann ásamt eggjakarlinum Humpty Dumpty og hinni óviðjafnlegu Kittý Mjúkukló að finna leið til að ræna þessari gullgæs enda ljóst að með þannig gæs í farteskinu verða honum allir vegir færir. Stígvélaða köttinn þekkja flestir úr Shrek-myndunum er þar blekkti hann marga með sínum saklausu augum. Sem fyrr er það Antonio Banderas sem talar fyrir köttinn góða.

Leikstjóri: Chris Miller.

Aðalhlutverk: Antonio Banderas, Billy Bob Thornton, Salma Hayek, Walt Dohrn, Amy Sedaris og Zeus Mendoza.

Lengd: 90 mínútur.

Aldurstakmark: Leyfð öllum.

Kvikmyndahús: Smárabíó, Sambíóin Álfabakka og Krínglunni.

Aðrar frumsýningar: The Rum Diary • A Very Harold & Kumar Christmas

FRUMSÝNDAR FÖS. 9. DESEMBER

KVIKMYND



Stöðugur Statham

Síðasta laugardagskvöld smelti ég mér á bresku myndina Blitz sem skartar Jason Statham í aðalhlutverki. Eins mikið og ég fíla Statham þá verður að segjast að hann hefur oft valið sér betri myndir. Myndin er frekar fyrirsjáanleg og er því miður ekki nógu góð.

Statham er ágætur en er vissulega að leika sömu típu og hann gerir alltaf



enda er hann góður í því en svo eru í myndinni aðrir leikarar sem eru alls ekki nógu góðir. Handritið virðist þunnt og því reynir leikstjórinn að bæta myndina upp með því að vera sérstaklega grimmur og grófur. Þannig reynir hann að ganga fram af áhorfendum en honum tekst ekki nógu vel til.

Beint á leigurnar

Hljóðið virtist vera í ólagi fyrir hlé og má vera að það sé kvikmyndahúsinu að kenna. Ég vona að minnsta kosti að þetta hafi ekki verið í myndinni sjálfri því hún má alls ekki við því að vera illa unnin því að handritið er sem fyrr segir þunnur þrettandi. Ég reyndi eftir fremsta megni að hafa gaman af myndinni en var í lokin farinn að bíða eftir því að hún tæki enda. Myndin er helst til kjánaleg og maður tekur atburðarásina ekki nógu alvarlega. Vondi karlinn er ofleikinn og maður kaupir hann engan veginn. Einnig var einhver baksaga lögreglukonu sem blandaðist inn í atburðarásina en hún missti algjörlega marks og tókst ekki að fá mann til að finna til með viðkomandi lögreglukonu. Blitz er mynd sem hefði átt að fara beint á DVD því hún er alls ekki nógu góð.

Jason Statham fær þessa einu og hálfu stjörnu fyrir að sýna alltaf stöðugleika á hvíta tjaldinu.

Kristján Sturla Bjarnason

BLITZ

MMMMM

Dove
MEN
+CARE



NÝTT DOVE MEN+CARE

DOVE MEN+CARE inniheldur rakaeindir (micromoisture) sem hjálpa húðinni að viðhalda eðlilegu rakastigi.

Í rakaeindunum eru olíur sem virka um leið og DOVE MEN+CARE kemst í snertingu við húðina. Húðin verður ekki fitug viðkomu heldur náttúrulega rök og mjúk.

[LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL Í EIGIN SKINNI]



Busi í Afaskóla Íslands

Það er hverjum manni nauðsynlegt að eiga gott bakland. Að sama skapi er mikilvægt að styrkja bakland sitt og rækta samböndin við fjölskyldu og vini. Fyrir ekki alls löngu var ég að spjalla við vin minn þegar tal okkar barst að fjölskyldumálum og upp úr þurru hafði hann orð á því að ég yrði eflaust góður afi. Hann var ekki að þæla í hvernig sonur ég væri, hvernig bróðir ég væri né hvernig faðir ég yrði, heldur sá hann eitthvað afalegt í mér.

Viðbrögð mín voru á þá leið að ég hló og spurði hann hvern fjárátt hann meinti eiginlega með þessu. Ég fékk engar sérstakar útskýringar svo þælingin gleymdist en var þó ekki grafin. Staðreyndin er sú að ég er hvergi í stakk búinn til að verða afi.

Ég kann ekkert að afast. Afar kunna að smíða og kenna barnabörnunum sínum að tálga úti í bílskúr. Afar kunna að veiða og fara með barnabörnin sín í veiðitúra. Afar geta frætt barnabörnin sín um öll helstu örnefni og náttúrufrýrbæri Íslands í bílferð úti á landi. Afar reykja vindla, pípu eða taka að minnsta kosti í nefið.* Ég er hins vegar gjörsamlega vonlaus í þessu öllu.

Vandamálið er að mig langar að verða góður afi. Einhver kann þá kannski að staldra við og hugsa: „Þú verður ekki afi fyrr en eftir 30-40 ár. Þú hefur nægan tíma til að læra að smíða og læra landafræði Íslands.“ Vandinn er þó annars eðlis. Jafnvel þótt árin séu mörg fram að afaárunum þá veit ég að ég mun aldrei gefa mér tíma til þess að rýna í kortabók spjaldanna á milli eða æfa mig úti í smíðaskúr. Nú til dags þarf maður alltaf að flýta sér og hefur aldrei tíma til neins.

Að svo sögðu kalla ég eftir aðstoð sem ég hugsa að allir strákar sem hafa áhuga á að verða góðir afar ættu að sjá sér fært að notfæra. Það ætti að sjálfsgöðu að vera stofnaður svokallaður afaskóli, sem gæti ef til vill verið sambærilegur við hússtjórnarskólana. Námið gæti maður sótt beint eftir menntaskóla eða þess vegna þegar maður kæmist á ellilífeyri.

Þar yrðu kenndar allar kúnstirnar og öll þau fræði sem ég hef þegar nefnt auk afalegs orðaforða. Afar þurfa að geta notað formlegt málfar auk þess að nota einhver myndin orð yfir



AFARNIR ERU ALLTAF Á UPPLIÐ Í LÍFINU

barnabörnin sín eins og að kalla þau „lömbin sín“ eða „mýsnar sínar“. Að lokum myndi maður æfa sig í að borða afalegan mat, þeir eru nefnilega alltaf með svo þroskaða bragðlauka.

Það eru forréttindi að eiga flottan afa og mig langar gjarnan að geta boðið barnabörnunum mínum upp á slík forréttindi. Ég held að möguleikinn að geta skráð sig í svona afanám væri sá hvati sem þarf svo ég geti æft mig upp í að verða sá afi sem mig langar að verða. Svo væri líka bara svo kostulegt að vera busi í Afaskóla Íslands. Alveg afar kostulegt.

*Athugið, alhæfingar sem þessar og staðalmyndin sem af þeim fæst koma einungis frá kynnum höfundar af öfum. Þeim ber lesendum að taka ekki of alvarlega.



ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson
einar@monitor.is

fílófaxið

fimmtudagur **8** des

MÍÐ-ÍSLAND ÁSAMT ANDRÉ WICKSTRÖM

Þjóðleikhúskjallarinn
20:00 Hláturtaugakítlararnir í Mið-Íslandi hafa stúfyllt Þjóðleikhúskjallarinn í hvert einasta sinn sem þeir hafi blásið til uppistands þar. Í þetta sinn verður með þeim í för Sviinn André Wickström. Miðaverð er 2.900 kr.

REYKJAVÍKI, MUCK OG GANG RELATED

Gaukur á Stöng
21:00 Hjólmsveitirnar Reykjavíki, Muck og Gang Related auglýsa eftir fólki sem er skemmtilegt og ekki fávitar til að koma og skemmta sér á tónleikum. Miðaverð er 1.000 kr.

KREPPUKVÖLD - WE MADE GOD

Bar 11
21:00 Hin vinsælu Kreppukvöld á Bar 11 halda áfram þegar hjólmsveitin We Made God treður upp. Sem fyrr er aðgangur ókeypis og verður öl á vinalægum kjörum fyrir ölpýrsta.

föstudagur **9** des

MÍÐ-ÍSLAND ÁSAMT ANDRÉ WICKSTRÖM

Þjóðleikhúskjallarinn
20:00 Mið-Ísland endurtekur leikinn frá því um kvöldið áður.

LAY LOW, BENNI H. H. OG PRINS PÓLO

Faktorý
22:00 Þau Lay Low, Benni Hemm og Prins Póló standa fyrir tónleikum á Faktorý á föstudaginn. Miðaverð er 1.000 kr.

laugardagur **10** des

JÓLATÓNLEIKAR 1860

Café Rosenberg
21:00 Strákarnir í 1860 hyggjast leika prógramm sitt sem samanstendur af uppáhaldsjólagögum meðlima í bland við lög af breiðskífu þeirra sem kom út í haust. Miðaverð er 1.000 kr.

ÚLFUR ÚLFUR - ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

Faktorý
23:00 Hjólmsveitin Úlfur Úlfur gefur út sína fyrstu plötu og heldur af því tilefni útgáfutónleika á Faktorý. Platan ber nafnið Föstudagurinn langi og verður aðeins gefin út í 100 eintökum ásamt því að vera fánæg á heimasíðu sveitarinnar. Aðgangseyrir eru 999 kr.


SÁLIN

NASA
23:30 Sálverjar hyggjast taka fram hjóðfærin á ný eftir rólegt ár þegar þeir blása til tónleika þar sem þeir lofa helstu smellunum auk óvæntra uppákoma. Miðaverð er 2.500 kr. og er 20 ára aldurstakmark inn á gíggli.



Í FREYÐIBAÐI MEÐ SKYTTUNUM

Föstudaginn 9. nóvember kl. 22
Prikkið



Í samkeppni við Airwaves?

„Inn á milli hafa alltaf verið haldin íslensk hipphoppkvöld en mér fannst of langt liðið frá því síðast og þá datt mér í hug að setja af stað þessa mánaðarlegu tónleikaröð, í freyðibaði. Nú er komið að þriðja kvöldinu og þá troða Skyttumar upp í fyrsta sinn í Reykjavík í heil sjö ár og þetta verður algjör geðsýki,“ segir Emmsjé Gauti, rappari, sem stendur fyrir tónleikaröðinni sem hýst er af Prikinu. „Svo er ég sjálfur að gefa út „mix-tape“ sem kemur út á föstudaginn og verður selt á Freyðibaðinu. Það verður síðan fánæglegt á Netinu seinna fyrir þá nisku. En þessi kvöld eru klárlega komin til að vera. Kannski að Freyðibaðið fari bara í samkeppni við Airwaves á næsta ári.“
Fritt er inn á þessa rappveislu og húsið opnar kl. 22:00.

ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM

Hefurðu velt því fyrir þér hvernig maður fer að því að afhenda tvo milljarða gjafa á einni nóttu?

KOMIN Í BÍÓ!

VILTU VINNA MIÐA?

9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA

SENDU SMS SKEYTIÐ ESL ARTUR Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM: BÍÓMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/ARTHUR

SMARR BÍÓ HÁSHÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ BÍÓ BÍÓ sena

LG símar
á ótrúlegu verði
í næstu verslun!



LG Optimus Black or White

- Android OS
- 1 GHz örgjörvi
- 4" skjár "Gorilla Glass"
- HD upptaka
- Ótrúlega þunnur og léttur



GLÆSILEGIR
KAUPAUKAR

- Vönduð On-Earz heyrnartól
- 4GB minnskort
- 2000 kr. inneign á Tónlist.is



LOKAPRÓFIÐ

| 8. desember 2011 |



Ég heiti Aron Hannes

Ef ég væri ekki Aron Hannes Emilsson væri ég

Þú veist hver ég er af því að

Söngvari & Kórufótbolta maður

Þegar ég fékk að vita að ég væri Jólástjarnan

- a) hugsaði ég: „vá hvað ég ætla að vera nettur uppi á sviði í Höllinni.“
- b) þurfti ég að halda aftur af tárnum.
- c) var ég þakklátur því ég hef alltaf viljað syngja fyrir alþjóð.
- d) hlakkaði ég strax til þess að fá að hanga með Björgvini og jólagestum hans.
- e) af því að syngja með öllu þessu liði.

Þegar ég er ekki í skólanum og ekki að syngja þá finnst mér skemmtilegast að

- a) hnyta flugur.
- b) spila kórufolta.
- c) hanga úti í sjoppu.
- d) spila tölvuleiki.



Uppáhaldsleikmaðurinn minn í NBA-deildinni er

- a) Derrick Rose
- b) LeBron James
- c) Rajon Rondo
- d) Kobe Bryant
- e) Amar'e Stoudemire

af því að hann er svo facar Moja nettur

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég fá Stallone, Arnold 3, Axlum sandler, Will F. til að leika mig en líklega yrði það samt Will Ferrel

Þegar kemur að tónlist þá kann ég ekki bara að syngja heldur líka að spila á

- a) trommur.
- b) fiölu.
- c) básúnu.
- d) skeiðar.
- e) gítar.
- f) Piano

Eiginhandarritunin mín lítur svona út:

Arnar Hannes Emilsson (AHE)



- a) Aron Pálmarsson, handboltakappi
- b) Aron Einar Gunnarsson, knattspyrnumaður.
- c) Aron Pálmi Ágústsson, fyrrverandi stofufangi
- d) Aron Kristjánsson, handboltapjálfari af því að

Nettur Gauk



Þegar ég verð stór ætla ég að verða syngjandi kórufótbolta snillingur og sjá til þess að þau verða gerast

SATT OG ÓSATT

Eftir að ég söng í Laugardalshöllinni hafa fyrirspurnirnar hrúgast inn.

S ó

Núna eru allar stelpur vítausar í kjellinn.

S ó

Mér þykir ótrúlega vænt um mömmu og pabba því þau styðja svo rækilega við bakið á mér.

S ó

Það sem kemur mér í jólaskap er jólalegin

Síðasta sms sem ég fékk var frá

Hilmari Orra bro og í því stóð Okkii

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa one 43 vens! :D

Síðast en ekki síst

» Edda Sif Pálsdóttir, sjónvarpskona og nemi, fílar:

Kvikmynd: Nei, nú veit ég ekki af hverju ég samþykkti að taka þátt í þessu. Það er svo erfitt að velja bara eitthvað eitt! Er að hugsa um að taka MR Gettu Betur/70 mínútna taktíkina á þetta og óskra það sem mér dettur fyrst í hug. Rain Man!

Þáttur: Hér mun ég uppljóstra alveg svakalegrí hlið á mér. Pretty Little Liars héldu mér gjör-samlega límdri við skjáinn og líf mitt var ekki samt eftir að ég kláraði síðasta þátt. Ég meina, hver er A?

Bók: Ég vil ekki hætta á að „jinx“ jólaprófin mín svo ég segi skóla-bækurnar. Annars held ég að flestar aðrar bækur sem ég les utan skólans séu spennusögur.



Plata: Síðasta plata sem ég keypti mér heitir Sagan og er með hljómsveitinni 1860. Ég kynntist þeirri hljómsveit nánast óvart í haust og hefur þótt vænt um hana síðan. Hugljúf plata, notaleg og rómantísk.

Vefur: Það væri hræsní af mér að segja ekki Facebook, vefur dagsins í dag. Alveg undarlegt hvað hann verður líka sérstaklega áhugaverður og mikilvægur þegar prófatímabilið stendur yfir.

Staður: Þessa dagana er draumastaðurinn einhver spennandi staður langt langt í burtu þar sem sólin skín og ég get verið temmlega kærulaus í sumarkjól og með hatt. Þá á ég mjög góðar minningar frá Valencia þar sem ég lærði spænsku fyrir nokkrum árum.



Loksins snýr hann aftur!

Íþróttá- og útivistar- markaðurinn

í Perlunni 1. - 11. desember


PUMA


asics

 **CINTAMANI**


speedo


TEVA


casall

Verðdæmi:

| Vara | Verð áður | Verð nú |
|----------------------------|------------|--------------------|
| Puma dömuhettupeysa | 13.990 kr. | 4.990 kr. |
| Puma götuskór | | Verð frá 3.990 kr. |
| Asics herrabolur | 6.990 kr. | 3.500 kr. |
| Asics Kayano 16 | 34.990 kr. | 15.000 kr. |
| Cintamani Kolbrún | 22.990 kr. | 11.990 kr. |
| Cintamani Jarþrúður | 16.990 kr. | 7.990 kr. |
| Cintamani Svavar fjólublár | 23.990 kr. | 11.990 kr. |
| Speedo dömusundbolur | 9.990 kr. | 4.990 kr. |
| Speedo watershorts | | Verð frá 990 kr. |
| Casall íþróttatoppur | 7.990 kr. | 3.990 kr. |
| Casall æfingapeysa | 12.990 kr. | 6.000 kr. |

**Gerðu
frábær
kaup**

Opið alla dagana kl. 12 - 18

Jólalest Coca-Cola

LEGGUR AF STAÐ Á LAUGARDAGINN



Coca-Cola® is a registered trademark of The Coca-Cola Company. © 2011 The Coca-Cola Company

Hin árlega **Jólalest Coca-Cola** fer um höfuðborgarsvæðið laugardaginn 10. desember með tilheyrandi jólatónum og jósadýrð. Lestin hefur ferð sína kl. 16:00 frá höfuðstöðvum Vífilfells að Stuðlahálsi og ekur svo um helstu hverfi og bæjarfélög höfuðborgarsvæðisins fram á kvöldið.

Leiðarlýsing með fyrirvara um að tímasetningar geta breyst er eftirfarandi:

16:00 - 17:00

Stuðlaháls, Grafarholt, Mosfellsbær, Grafarvogur, Vogahverfi, Suðurlandsbraut, Hófatún (Hamborgarfabrikan), Sæbraut

17:00 - 18:00

Lækjargata, Mýrargata, Vesturbær, Hringbraut, Krínglumýrarbraut, Kópavogur (byrjað í Hamraborg og endað í Smáralind)

18:00-20:00

Smáralind (lestin verður þar um kl. 18:00), Garðabær, Hafnarfjörður, Austurbær Kópavogs, Breiðholt og svo að lokum Árbær.

Vinsamlega athugið að Jólalestin mun ekki aka um Laugaveg að þessu sinni.

Fylgist með ferð Jólalestarinnar á Jólstöðinni FM 96,7